

# Erindisbréf fræðslunefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar

## 1. Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir bæjarstjórn.

Nefndin starfar á fræðslusviði.

Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar: Leikskóli, grunnskóli, skólamötuneyti og tónlistarskóli.

## 2. Skipan nefndarinnar

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar og jafnmargir til vara sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fjármálastjóri kaupstaðarins starfar með nefndinni. Hann undirbýr og situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Þá á bæjarstjórn rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann fyrir nefndina, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

## 3. Hlutverk og verkefni nefndarinnar

Meginhlutverk fræðslunefndar er stefnumótun og eftirlit með að starfsemi fræðslustofnana kaupstaðarins sé í samræmi við lög, reglur, samþykktir, áætlanir og gjaldskrár samþykktum af bæjarstjórn á sviði nefndarinnar.

Nefndin fer með eftirfarandi verkefni:

- Hlutverk leikskólanefndar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og hefur umsjón með framkvæmd þeirra.
- Hefur eftirlit með starfsemi leikskóla og hefur samráð við stjórnendur, annað starfsfólk leikskóla og fulltrúa foreldra.
- Hlutverk grunnskólanefndar samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 og hefur umsjón með framkvæmd þeirra.
- Hefur umsjón með og staðfestir námsskrár og starfsáætlun Seyðisfjarðarskóla samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008.
- Hefur eftirlit með starfsemi grunnskóla og samráð við stjórnendur, starfsmenn, fulltrúa foreldra, skólaráð og nemendaráð um starfið.
- Hefur eftirlit með starfsemi skólamötuneytis í samráði við stjórnendur Seyðisfjarðarskóla, leikskólans Sólvalla, fulltrúa nemenda og fulltrúa foreldra.
- Hefur umsjón með starfsemi tónlistarskóla Seyðisfjarðar samkvæmt lögum nr. 75/1985.

Helstu hlutverk eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í fræðslumálum,
- að gefa álit á hæfi umsækjenda í stjórnunarstöður stofnana á sviði nefndarinnar,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í fræðslustarfi á vegum sveitarfélagsins,

- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í fræðslumálum nái fram að ganga,
- að vera samráðsaðili skólastjórnenda um ráðningar starfsmanna,
- að sjá um að öll skólaskyld börn á Seyðisfirði njóti lögboðinnar fræðslu,
- að starfa með skólastjórum og gera tillögur um úrbætur í fræðslumálum og aðbúnaði til skólahalds,
- að vinna að samstarfi menntastofnana á vegum kaupstaðarins.

Fræðslunefnd hefur umsjón með þeim stofnunum sem undir nefndina heyra og skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga.

Nefndin hefur umsjón með vinnu fjárhags- og starfsáætlana stofnana og deilda sem starfa á sviði nefndarinnar í samræmi við stefnu og samþykktir bæjarstjórnar. Nefndin fær úthlutað fjárhagsrömmum vegna starfsemi sem er á hennar sviði. Tillögur um breytingar á starfsemi, þjónustu og gjaldskrár eða öðru sem lýtur að breytingum á rekstri þarf að gera grein fyrir með rökstuðningi. Formaður nefndarinnar kynnir bæjarráði starfs- og fjárhagsáætlanir á sviði nefndarinnar.

Bæjarstjórn og eða bæjarráð geta að auki falið nefndinni afmörkuð skilgreind verkefni sem tengjast verksvið hennar.

Hafi nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Þær ályktanir öðlast því gildi með staðfestingu bæjarstjórnar.

#### **4. Starfshættir**

Um starfshætti nefndarinnar skal fylgja samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar þar sem það á við.

Fræðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Nefndin skal halda gerðabók sbr. 38. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðum kemur formaður nefndarinnar/starfsmaður til skrifstofustjóra sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður sér um boðun funda og undirbýr dagskrá í samráði við skrifstofustjóra. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum

sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

#### **5. Eftirfylgni**

Formaður og aðrir fulltrúar fræðslunefndar skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykkt nefndarinnar.

#### **6. Starfsmannamál**

Við störf sín skal nefndin taka mið af starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu og reglum um mannaráðningar hjá Seyðisfjarðarkaupstað, eftir því sem við á.

#### **7. Lög og reglugerðir.**

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og þeim lögum og reglugerðum sem um fræðslumál gilda hverju sinni. Sérstaklega þó lögum sem gilda um leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og jafnréttismál. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, eins og hún er hverju sinni, og ákvæðum erindisbréfs nefndarinnar.

#### **8. Málsmeðferðarreglur.**

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum og stjórnarsýslulögum. Óski aðili máls eftir rökstuðningi eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska eftir endurupptöku með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

#### **9. Gildistaka.**

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar þann 13. ágúst 2014 með vísan til 46. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og tekur þegar gildi.